



Til: - héraðssambanda og íþróttabandalaga ÍSí
- íþróttá- og ungmennafélaga

Reykjavík, 27. febrúar 2020

Efni: GDPR - ný persónuverndarlög – Vinnustofa, vinnsluskrá og persónuverndarstefna.

Ágætu félagar!

Eins og ykkur er kunnugt um þá hefur ný persónuverndarlöggjöf (GDPR) tekið gildi á Íslandi. Með tilkomu hennar eru lagðar nýjar skyldur og kröfur á félagasamtök og fyrirtæki og er íþróttahreyfingin ekki þar undanskilin. Gerð er krafa um að öll sérsambönd, íþróttahéruð og aðildarfélög haldi skrá (vinnsluskrá) um alla vinnslu persónuupplýsinga innan viðkomandi einingar og einnig þarf að vinna persónuverndarstefnu og úrbótaáætlun.

ÍSí hefur, í samstarfi við Advania Advice, unnið að gerð vinnsluskraa fyrir vinnslu persónugreinanlegra upplýsinga hjá ÍSí og gerð úrbótaáætlunar, ásamt því að útbúa Persónuverndarstefnu ÍSí.

Má ætla að sú vinna sem unnin hefur verið hjá ÍSí muni nýtast öllum íþróttahéruðum og félögum.

Ákveðið hefur verið að fara af stað með vinnustofu í öllum íþróttahéruðum á landinu til að aðstoða sambandsaðila ÍSí við að koma þessari vinnu á gott spor. Á nokkrum stöðum þarf að halda vinnustofu fyrir tvö til þrjú íþróttahéruð saman. Elías Atlason verkefnastjóri hjá ÍSí mun sjá um vinnustofurnar.

Dagskrá vinnustofu:

- Kynning hugtök (15 mín.) - *Hvað eru persónuupplýsingar, skilgreiningar á helstu hugtökum*
- Vinnsluskrá (1,5 klst.) - *Leiðbeiningar, vinna við gerða vinnsluskraa, vinnslusamningur*
- Persónuverndarstefna (45 mín.) - *Vinna við gerð stefnu*
- Úrbótaskrá og áætlun (30 mín.) - *Gerð drög á úrbótaáætlun*

Það er afar mikilvægt að hefja þessa vinnu sem allra fyrst og að hver ábyrgðaraðili nái yfirsýn yfir vinnslu persónuupplýsinga í starfseminni. Oft eru lausnirnar ekki ýkja flóknar og felast jafnvel einungis í breyttu verklagi og setningu og viðhaldi ferla. Það þarf hins vegar að tryggja að farið sé í þessa vinnu og að allir geri sér grein fyrir því að það er áriðandi að fylgja málinu eftir og halda því lifandi, til framtíðar.

Gerð er krafa um að þátttakendur hafi fartölvu með sér í vinnustofu.

ÍSí hvetur íþróttahéruð og félög innan þeirra vébanda að nýta sér þessa vinnustofu.

Eftirfarandi eru vefslóðir á gagnlegar upplýsingar um nýju lög in á heimasíðu Persónuverndar, sem gott væri fyrir sem flesta að kynna sér vel:

<https://www.personuvernd.is/ny-personuverndarloggjof-2018/>

<https://www.personuvernd.is/fyrirtaeki-og-stjornsysla/fraedsluefni/baeklingur-fyrirtaeki-og-stofnanir>

<https://www.personuvernd.is/einstaklingar/fraedsluefni/baeklingur-personuvernd-barna>

<https://www.personuvernd.is/einstaklingar/fraedsluefni/baeklingur-einkamal-ungmenna>

Tengiliður verkefnis er Elías Atlason á skrifstofu ÍSí.

Sími á skrifstofu er 514 4000 en einnig er hægt að senda fyrirspurnir á netfangið elias@isi.is

**Með íþróttakveðju,
ÍÞRÓTTA- OG ÓLYMPÍUSAMBAND ÍSLANDS**



Líney Rut Halldórsdóttir
framkvæmdastjóri

